

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 SAUÐÁRKRÓKUR

Garðabær, 14. ágúst 2024
Málsnúmer: 202406-0053
BK

Efni: Athafnasvæði á Sauðárkróki – Skipulagslýsing

Vísað er í tölvubréf frá Skagafirði sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 26. júní 2024 þar sem óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna skipulagslýsingar að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði AT-403 á Sauðárkróki. Skipulagssvæðið er um 21,7 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Skipulagssvæðið liggur innan og við núverandi þéttbýli og ber töluverð merki rasks. Þó skal bent á að sá hluti skipulagssvæðisins sem liggur austan Sauðárkróksbrautar er innan svæðis sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Samkvæmt staðkunnugum hefur m.a. kría verpt á þessum slóðum auk þess sem reikna má með miklu fuglalífi í nærliggjandi votlendi og vötnum. Því ber að taka ríkt tillit til fuglalífs þegar kemur að skipulagi austan Sauðárkróksbrautar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

